



Bæjarstjórn Garðabæjar 13. (853)/2019

Boðað er til 13. (853). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 19. september 2019 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Dagskrá:

1. 1909008F - Fundargerð bæjarráðs frá 10/9 '19.
2. 1909018F - Fundargerð bæjarráðs frá 17/9 '19.
1906003 - Afgreiðsla íþróttá- og tómstundaráðs varðandi samstarfssamning við Skátafélagið Vífil.
3. 1909010F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 10/9 '19.
4. 1909005F - Fundargerð leikskólanefndar frá 11/9 '19.
5. 1909003F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 6/9 '19.
6. 1909014F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 12/9 19.
7. 1908036F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 4/9 '19.
8. 1909007F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 11/9 '19.
9. 1908028F - Fundargerð öldungaráðs frá 28/8 '19.
10. 1901375 - Fundargerð stórnar SSH frá 2/9 '19.
11. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 2/9 '19.
12. 1907106 - Fundargerðir eigendafunda Sorpu bs. frá 26/8 og 2/9 '19.
13. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16/8 '19.
14. 1904165 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 2/9 '19.
15. 1810055 - Tillaga um innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar.
16. 1909043 - Tillaga um að veita einfalda ábyrgð í tilefni af lántöku Sorpu bs. vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar.
17. 1909244 - Tillaga Garðabæjarlistans um að boðið verði upp á morgunhressingu/hafragraut og ávexti/grænmeti í nestistíma í grunnskólum bæjarins.
18. 1908154 - Tillaga um að tekjutengja afslætti af leikskólagjöldum.

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
12. (852). fundur 2019

Fimmtudaginn 5. september 2019 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Björg Fengler, Gunnar Einarsson, Kjartan Örn Guðmundsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Björg Fengler, annar varaforseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 15. ágúst 2019 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1908016F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/8 '19.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin sem er 7 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 1908022F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/8 '19.

Enginn tók til máls.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir samning við Mótás Garðabæ ehf. um uppbyggingu íbúðarbyggðar á Stóráreit.

Fundargerðin sem er 16 tl., er samþykkt samhljóða.

Kjartan Örn Sigurðsson, kom til fundarins kl. 17:05

3. 1908033F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/9 '19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Sara Dögg Svanhildardóttir ræddi að 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Jóna Sæmundsdóttir, kom til fundarins kl. 17:10 og tók við stjórn fundarins.

Gunnar Einarsson, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Björg Fengler, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 16. tl., bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun Sorpu bs.

Ingvar Arnarson, ræddi 12. tl., bréf íbúa við Strandveg varðandi fuglalíf við Arnarnesvog.

Gunnar Einarsson, ræddi 12. tl., bréf íbúa við Strandveg varðandi fuglalíf við Arnarnesvog.

Guðfinnur Sigurvínsson, ræddi 12. tl., bréf íbúa við Strandveg varðandi fuglalíf við Arnarnesvog.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir eftirfarandi viðauka nr. 4 og nr. 5 við fjárhagsáætlun 2019 samkvæmt 2. mgr. 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

Viðauki 4

Á árinu 2019 tóku til starfa öldungaráð og samráðshópur um málefni fatlaðs fólks. Tryggja þarf fjárheimildir vegna nefndarlauna.

Öldungaráð	800.000
Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks	800.000

Hrafnista hefur lagt fram ársreikning fyrir árið 2018 vegna reksturs hjúkrunarheimilis.

Greiðsla til Hrafnistu samkvæmt samningi 24.000.000

Gerðar hafa verið breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð sem kalla á hækkun fjárheimilda.

Fjárhagsaðstoð 9.000.000

Aukinn fjöldi einstaklinga nýtur félagslegrar heimaþjónustu sem kalla á hækkun fjárheimilda.

Félagsleg heimaþjónusta 30.000.000

Aukinn fjöldi umsókna um húsaleigubætur kallar á hækkun fjárheimilda.

Húsaleigubætur 5.000.000

Aukin þjónusta við skammtí mavistun og dagþjónustu fatlaðs fólks kallar á hækkun fjárheimilda.

Skammtí mavistun 20.000.000

Samþykktur hefur verið samningur við Ás styrktarfélag um rekstur á búsetukjarna við Unnargrund.

Ás styrktarfélag - samningsgreiðsla 32.000.000

Samtals kostnaðarauki 121.600.000

Kostnaðarauka skal mætt með lækkun á varasjóði um sömu upphæð.

Varasjóður 121.600.000

Viðauki nr. 5.

Breyting á fjárfestingaáætlun fjárhagsáætlunar 2019.

Urriðaholtsskóli - verksamningur	450.000.000	
Kirkjuból, leikskóli - verksamningur	90.000.000	
Gatnagerð Urriðaholti - verksamningur	200.000.000	
Útílífsmiðstöð - skátar	-50.000.000	færast af eignfærslu á rekstur
Íþróttamannvirki GKG	-80.000.000	færast af eignfærslu á rekstur
Hestamannafélagið Sóti	-10.000.000	færast af eignfærslu á rekstur
Samtals	600.000.000	

Kostnaðarauka skal mætt með lántöku að fjárhæð kr. 600.000.000.

Bæjarstjórn samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um endurskoðun á deiliskipulagi Molduhrauns. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. og bærust engar athugasemdir.

Bæjarstjórn samþykkir deiliskipulagið með eftirfarandi breytingu við auglýsta tillögu.

Svæði deiliskipulagsins norðan lóðanna við Vesturhraun 1, 3 og 5 minnkar sem nemur breidd aðalstígs sem gert er ráð fyrir í deiliskipulagi fólkvangsins Garðahrauns efra.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Bæjarstjórn samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um breytingu á deiliskipulagi Bæjargarðs. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Stígur, skilgreindur sem "aðrir stígar" sem tillaga gerir ráð fyrir vestur frá aðalstíg í hrauninu að fyrirhugaðri stofnbraut (framlenging Álfanesvegur) fyrir norðan Hádegishól verði felldur út.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir samkvæmt 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu skipulagsnefndar um deiliskipulag fyrir fólkvanginn Garðahraun efra. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga, sbr. 1. mgr. 41. gr. Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að svörum við innsendum athugasemdum og deiliskipulagið með eftirfarandi áorðnum breytingum frá auglýstri tillögu:

Stikuð leið sem liggur til vesturs frá aðalstíg í miðjum fólkvangi sunnan við Hádegishól verði felld út. Gert verði ráð fyrir aðalstíg sem liggur með deiliskipulagsmörkum Molduhrauns frá fyrirhuguðum aðalstíg meðfram fyrirhugaðri stofnbraut (framlenging Álfanesvegur) að tengingu við aðalstíg í miðjum fólkvangi til móts við lóðina Vesturhraun 5. Deiliskipulagssvæði fólkvangsins stækki sem nemur breidd stígsins á kostnað deiliskipulagssvæðis Molduhrauns.

Tenging frá aðalstíg í miðjum fólkvangi að Molduhrauni til móts við Vesturhraun 5 breytist úr stikaðri leið.

Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og þá skal niðurstaða bæjarstjórnar auglýst, sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga. Jafnframt skal senda þeim aðilum sem athugasemdir gerðu umsögn um þær.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að heimila útgáfu byggingarleyfis einbýlishúss að Haukanesi 24 þó að byggingarmagn sé umfram hámarks nýtingarhlutfall þar sem um er að ræða 150 fm gluggalaust rými neðanjarðar. Um óverulegt frávík er að ræða sem ekki varðar neina grenndarhagsmuni og þarf því ekki að koma til breytinga á deiliskipulagi sbr. heimild í 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að umsókn um byggingarleyfi vegna viðbyggingar við núverandi hús að Heiðarlundi 15 verði grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en staðfesting á samþykktu deiliskipulagi liggur ekki fyrir.

Fundargerðin sem er 16 tl., er samþykkt samhljóða

4. 1908018F - Fundargerð íþróttá- og tómsundaráðs frá 22/8 '19.

Björg Fenger, ræddi 17. tl., forvarnarviku í Garðabæ 2019, og 20. tl., endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar. Björg vék að landsfundi jafnréttismála sveitarfélaga sem fram fór hér í Sveinatungu í gær og dag. Björg lýsti sérstakri ánægju með skipulag og umræður á fundinum.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, vék að landsfundi jafnréttismála sveitarfélaga og sagði að athyglisvert hafi verið að hlýða á erindi um jafnrétti í íþróttastarfi í Garðabæ.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 17. tl., forvarnarviku í Garðabæ 2019.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 17. tl., forvarnarviku í Garðabæ 2019.

Ingvar Arnarson, ræddi 17. tl., forvarnarviku í Garðabæ 2019 og 18. tl., Bocciakeppni á landsmót UMFÍ.

Gunnar Einarsson, ræddi 17. tl., forvarnarviku í Garðabæ 2019 og landsfund jafnréttismála sveitarfélaga. Gunnar hrósaði fundarstjórum og vék að kynningum á vegum aðila úr stjórnkerfi bæjarins sem hann kvað hafa verið til fyrirmyndar.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 1908027F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/8 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 1908015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 28/8 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., tillögu um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar. Jóna fjallaði um hjólaráðstefnu sem haldin verður í Garðabæ 20. september og sagði frá lýðheilsugöngum sem verða á hverjum miðvikudegi í september.

Guðfinnur Sigurvinsson, ræddi 1. tl., tillögu um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og 2. tl., tillögu að deiliskipulagi fyrir fólkvanginn Garðahraun efra.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 1901420 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 26/8 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 1901407 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 16/8 '19.

Björg Fenger, ræddi 1. tl., árshlutauppgjör janúar - júní, 5 tl., leiðarljós leiðanetsbreytinga, 6. tl., orkuskipti og 8. tl., fundi með ráðherrum.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., greiðslukerfi – útboð, 6. tl. orkuskipti og 8. tl., fundi með ráðherrum.

Kjartan Örn Sigurðson, ræddi 6. tl., orkuskipti.

Björg Fenger, ræddi 6. tl., orkuskipti.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 1901198 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 16/8 '19.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., árshlutauppgjör janúar - júní og 5. tl., metannotkun sveitarfélaganna.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 1901316 - Fundargerð stjórnar SHS frá 16/8 '19.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 1901375 - Fundargerð stjórnar SSH frá 19/8 '19.

Gunnar Einarsson, ræddi 7. tl., ferðapjónustu fyrir fatlað fólk og 3. tl., samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu - aðgerðir og verkefni framundan.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 13. tl., fundargerð SSH um velferðamál.

Gunnar Einarsson, ræddi 13. tl., fundargerð SSH um velferðamál.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 5. tl., málefni skíðasvæðanna.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., málefni skíðasvæðanna.

Kjartan Örn Sigurðsson, ræddi 5. tl., málefni skíðasvæðanna.

Gunnar Einarsson, ræddi 5. tl., málefni skíðasvæðanna.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 1909058 - Tillaga Garðabæjarlistans um bættar samgöngur í Urriðaholti.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að fara í aðgerðir til að bæta samgöngur í Urriðaholti þannig að almenningssamgöngur séu greiðar í og um hverfið sem og til og frá Urriðaholtsskóla.“

Greinargerð

Urriðaholt er nýtt og vaxandi hverfi þar sem nú þegar er risinn skóli og starfsemi hans komin á fullt og því börn og ungmenni stór hluti íbúa hverfisins. Mikilvægt er að lögð sé rík áhersla á góðar almenningssamgöngur um hverfið þar sem fjarlægð í mikilvæga nærþjónustu er ekki í svokölluðu göngufæri. Börn og ungmenni þurfa að komast auðveldlega leiða sinna í og úr tómstundum og íþróttum sem enn sem komið er er sótt utan hverfis og yfir miklar umferðagötur.

Við í Garðabæjarlistanum teljum mjög brýnt að hraða málum og tryggja almenningssamgöngurnar. Ekki síður til að tryggja að Urriðaholtsskóli sem er framsækinn, faglegur og spennandi valkostur fyrir starfsfólk geti tryggt sér það fagfólk sem sýnir starfsumhverfinu áhuga en kýs að nýta sér almenningssamgöngur í og úr vinnu.

Björg Fengler, ræddi framkomna tillögu sagði frá vinnuferli við gerð breytinga á leiðakerfi Strætó.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa framkominni tillögu til afgreiðslu fjárhagsáætlunar

13. 1909059 - Tillaga Garðabæjarlistans um beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum.

Ingvar Arnarson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að hefja beinar útsendingar frá bæjarstjórnarfundum á heimasíðu Garðabæjar og að upptökur frá fundum verði aðgengilegar eftir að þeim lýkur.“

Greinargerð

Með því að senda beint út frá fundum bæjarstjórnar styðjum við enn frekar við það lýðræði og gagnsæi sem mikilvægt er að temja sér og vaxandi kröfur eru um í nútíma samfélagi. Þannig gerum við stjórnsýsluhætti Garðabæjar betri ásamt því að tryggja að stjórnsýslan sé opin og fagleg. Einnig er aðgerð sem þessi líkleg til að auka áhuga íbúa á málefnum sveitarfélagsins.

Gunnar Einarsson, ræddi framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Guðfinnur Sigurvinnsson, ræddi framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

14. 1909060 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um að lögð verði fram kostnaðargreining á þjónustu hjá leikskólum Garðabæjar.

Harpa Þorsteinsdóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi fyrirspurn.

„Á fundi leikskólanefndar í janúar á þessu ári lögðu fulltrúar Garðabæjarlistans fram bókun og fyrirspurn þar sem spurt var hvort hægt væri að fá lagða fram kostnaðargreiningu á þjónustu hjá leikskólum Garðabæjar en meirihluti hefur talað fyrir því að há leikskólagjöld stafi af betri þjónustustigi en hjá nágrannasveitarfélögum og er þá vísað í sumaropnum, inntöku ungra barna og menntaðs starfsfólks.

Þeirri fyrirspurn hefur ekki verið svarað í leikskólanefnd því legg ég fram eftirfarandi fyrirspurn.

Hefur kostnaðargreining á rekstri leikskólanna farið fram og ef svo er þá óskum við eftir því að hún verði yfirfarin í leikskólanefnd með það að leiðarljósi að auka gagnsæi og lýðræðisleg vinnubrögð í undanfara fjárhagsáætlunar.

Ef ekki hvers vegna ekki?“

Gunnar Einarsson, tók til máls um framkomna fyrirspurn.

Harpa Þorsteinsdóttir, tók til máls um framkomna fyrirspurn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls um framkomna fyrirspurn.

15. 1806461 - Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun 2019.

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga samtals að fjárhæð kr. 600.000.000.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir hér með á bæjarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 210.000.000 með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórn hefur kynnt sér. Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar) standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið

útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu grunnskóla í Urriðaholti og viðbyggingu við grunnskóla á Álftanesi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns."

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 210.000.000, tvöhundruðogtíuumilljónirkróna.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir hér með á bæjarstjórnarfundum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 390.000.000 með lokagjalddaga þann 5. maí 2034, í samræmi við skilmála að lánsamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem bæjarstjórn hefur kynnt sér. Bæjarstjórn samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar) standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Er lánið tekið til fjármögnunar á byggingu grunnskóla í Urriðaholti og viðbyggingu við grunnskóla á Álftanesi sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Jafnframt er Gunnari Einarssyni, bæjarstjóra, kt. 250555-4079, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Garðabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns."

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 390.000.000, þrjúhundruðogtíuumilljónirkróna.

16. 1904184 - Gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar fyrir nemendur í 5.-10. bekk.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar og kom með ábendingu um að leiðréttu þyrfti fjölda eininga sem teljast fullt nám í framhaldsskóla.

Bæjarstjórn samþykkir gjaldskrá fyrir starfsemi frístundar fyrir nemendur í 5. 10. bekk.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 5. september 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Kjartan Örn Sigurðsson, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
34. (1895). fundur 2019

Þriðjudaginn 10. september 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Jóna Sæmundsdóttir, varamaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur og Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1909043 - Bréf Sorpu bs. varðandi breytingar á fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun, dags. 02.09.19.

Á fund bæjarráðs mættu Birkir Jón Jónsson, formaður stjórnar Sorpu bs. og Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri. Gerðu þeir grein fyrir erindi stjórnar byggðasamlagsins varðandi breytingar á fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun og samþykkt stjórnarinnar um lántöku að fjárhæð kr. 990.000.000 hjá Lánsjóði sveitarfélaga vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar og kaupa á tækjabúnaði.

Í bréfinu er farið fram á formlega afgreiðslu á einfaldri ábyrgð Garðabæjar vegna samþykktar stjórnar Sorpu bs. á lántöku.

Bæjarráð vísar erindi um einfalda ábyrgð vegna lántöku til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Bæjarfulltrúarnir Harpa Þorsteinsdóttir og Björg Fenger sátu fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

2. 1801229 - Garðprýði 7 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Garðprýði ehf., kt. 511115-0780, leyfi til breyta þaki o.fl. á einbýlishúsi í byggingu að Garðprýði 7.

3. 1909047 - Kinnargata 28 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Baugási ehf., kt. 581104-2510 leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 28.

4. 1909046 - Kinnargata 30 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Baugási ehf., kt. 581104-2510 leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 30.

5. 1909045 - Kinnargata 32 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Baugási ehf., kt. 581104-2510 leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 32.

6. 1909044 - Kinnargata 34 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Baugási ehf., kt. 581104-2510 leyfi til að byggja raðhús að Kinnargötu 34.

- 7. 1906220 - Dýjagata 5 - Umsókn um byggingarleyfi**
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Árna Heimi Ingimundarsyni, kt. 211281-3329, leyfi til að breyta burðarvirki í einbýlishúsi í byggingu að Dýjagötu 5.
- 8. 1909066 - Bréf Reykjavíkurborgar varðandi auglýsingu á tillögu að breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2040 og aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, dags. 28.08.19.**
Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 9. 1805169 - Tilkynning frá Reykjavíkurborg varðandi kynningu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Sjómannaskólareits og Veðurstofuhæðar, dags. 30.08.19.**
Bæjarráð vísar tilkynningunni til umfjöllunar skipulagsnefndar.
- 10. 1909078 - Bréf samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins varðandi minningardag um fórnarlömb umferðarslysa, dags. 27.08.19.**
Lagt fram.
- 11. 1909088 - Umsagnarbeiðni vegna endurnýunar á rekstrarleyfi fyrir gististað að Eyvindarholti.**
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.
- 12. 1909108 - Bréf Lögmannna á Suðurlandi varðandi sölu á landspildum úr landi Búðarflatar, dags. 05.09.19.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við bréfitara.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 10. september 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bærjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Jóna Sæmundsdóttir, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
35. (1896). fundur 2019

Þriðjudaginn 17. september 2019 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarráðs í Ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Hildigunnur Árnadóttir, félagsráðgjafi og Guðbjörg Brá Gísladóttir, verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1909084 - Strætó - Nýtt leiðanet.

Á fund bæjarráðs mættu Ragnheiður Einaradóttir og Sólrún Svava Skúladóttir, starfsmenn Strætó bs. og kynntu verkefni á vegum faghóps sem kallast nýtt leiðanet. Um er að ræða endurskoðun leiðanets vegna undirbúnings Borgarlínu og gert er ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðum til stjórnar Strætó bs. í nóvember.

Björg Fenger, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

2. 1810055 - Afgreiðsla umhverfisnefndar varðandi tillögu um innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar.

Bæjarráð vísar tillögu um innkaupa- og úrgangsstefnu Garðabæjar til afgreiðslu bæjarstjórnar.

3. 1906003 - Afgreiðsla íþróttá- og tómstundaráðs varðandi samstarfssamning við Skátafélagið Vífil.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja samstarfssamning við Skátafélagið Vífil.

4. 1908471 - Afgreiðsla íþróttá- og tómstundaráðs varðandi endurskoðun samstarfssamnings við UMF Álftanes.

Lögð fram.

5. 1909148 - Bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis varðandi skýrslu um samkeppnisrekstur opinberra aðila, dags. 02.09.19.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara umbeðnum spurningum er varða samkeppnisrekstur opinberra aðila.

6. 1906192 - Minnisblað Eflu varðandi umsagnir vegna tilkynningar um matsskyldu Hnoðraholtbrautar, dags. 09.09.19.

Bæjarráð samþykkir tillögu að viðbrögðum við umsögnum og felur bæjarstjóra að gera Skipulagsstofnun grein fyrir málinu.

7. 1909169 - Bréf Andra Bachmann Sigurðssonar um styrk vegna jólahátíðar, dags. 06.09.19.

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu bæjarstjóra.

8. 1909171 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2019, dags. 11.09.19.
Lagt fram.

9. 1909189 - Erindi Garðabæjarlistans um öryggi og vellíðan barna og ungmenna..
Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar hjá fjölskylduráði og íþróttá- og tómstundaráði.

10. 1909181 - Tilkygning Persónuverndar um ársskýrslu 2018, dags. 11.09.19.
Lögð fram.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 17. september 2019 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)

Íþróttá- og tómsundaráð Garðabæjar 12. fundur 2019

Þriðjudaginn 10. september 2019 kl. 15:30 kom íþróttá- og tómsundaráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttáfulltrúi og Gunnar Richardson tómsundáfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson íþróttáfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1908471 - Endurskoðun samstarfssamnings

Formaður og framkvæmdastjóri UMFÁ mættu á fundinn og gerðu grein fyrir starfi félagsins. Sérstaklega var farið yfir starf blakdeildarinnar og framgang blakíþróttarinnar í bæjarfélaginu eftir að UMFÁ byrjaði með meistaraflokksstarf í efstu deild. Ráðinn hefur verið barna og unglingaþjálfari til starfa þar sem áhersla er lögð á 3. til 8. bekk.

Staða körfuboltadeildarinnar var líka rædd í ljósi óska þeirra um aukið fjármagn. Ljóst er að mikil gróska er í starfi meistaraflokka félagsins í körfu, blaki og knattspyrnu og fyrir liggur ósk frá félaginu um að bregðast við kostnaði sem fylgir auknum árangri og kröfum um umgjörð leikja. Endurskoðun samstarfssamnings og fjárupphæða er vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir 2020.

2. 1908441 - Ósk um viðbótarstyrk til Taflfélags Garðabæjar

ÍTG samþykkir að veita Taflfélagi Garðabæjar kr.100.000,- í sérstakan styrk til eflingar starfsins í ljósi árangurs þess.

3. 1908291 - Mýrin vaktaplön

Íþróttáfulltrúi upplýsti um breytingar á vinnutíma á vöktum í Mýrinni til að tryggja að alltaf væri bæði karl og kona á vakt til kl. 18:00 til að sinna klefávörslu yngri iðkenda.

4. 1908055 - Umsóknir um styrki frá NATA, samstarfssamningi Íslands, Færeyja og Grænlands á sviði ferðamála.

Félagasamtökum er bent á að nýta sér þá möguleika sem NATA samstarfssamningur Íslands, Færeyja og Grænlands hefur uppá að bjóða.

5. 1908321 - Endurnýjun forvarnarstefnu Garðabæjar

ÍTG er að hefja endurskoðun á forvarnarstefnu Garðabæjar. Ætlunin er m.a. að skoða með hvaða hætti stefnan tengist öðrum stefnum bæjarins, innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmiðunum. Stefnt er að gera aðgerðaráætlun á grundvelli endurskoðaðrar áætlunar sem hægt er að leggja fram við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2020.

Umræður um Dale Carnegie námskeið sem haldið hefur verið undanfarin ár fyrir 13-15 ára unglinga sem búsettir eru í bænum. Námskeiðið er niðurgreitt að hluta af Garðabæ. Samþykkt að bjóða áfram upp á námskeið og mun það hefjast nú í október.

6. 1909016 - Aron Friðrik Georgsson - Umsókn um ferðastyrk íþróttá- og tómsundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk að upphæð kr. 20.000,- til Arons Friðriks Georgssonar kt. 2602892849 vegna ferðar Kraftlyftingasambands Ísl. á Vestur Evrópumót í Mílanó 5. sept 2019

7. 1906003 - Samsstarfssamningur við Vífil 2019

Nýr samstarfssamningur við Skátafélagið Vífil var kynntur.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
9. fundur 2019

Miðvikudaginn 11. september 2019 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, Andrea Róbertsdóttir varamaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ósp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Sigurborg K Kristjánsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, María Jónsdóttir fulltrúi foreldra og Brynjar Már Guðmundsson varafulltrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir verkefnastjóri skóladeildar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng**
Formaður leikskólanefndar fór yfir breytt verklag varðandi fundargátt og ný netföng nefndarmanna.
- 2. 1908518 - Menntadagur í Garðabæ 2019**
Menntadagur og framkvæmd hans lögð fram til kynningar
- 3. 1908154 - Dvalargjöld í leikskólum**
Umfjöllun um dvalargjöld í leikskólum. Leikskólanefnd leggur til við bæjarráð að endurskoðaðir verði afslættir á dvalargjöldum í leikskólum og horft verði til tekjutengingar í öllum tilvikum.
- 4. 1905271 - Flutningur á skipulagsdegi**
Lagt fram og samþykkt.
- 5. 1905138 - Aðgerðir stjórnvalda í menntamálum-útfærsla starfsnámsárs og námsstyrkir**
Lagt fram til kynningar.
- 6. 1902349 - Grár dagur - Átaksverkefni fyrir bættum loftgæðum**
Lagt fram til kynningar.
- 7. 1905140 - Forvarnarvika í Garðabæ 2019**
Forvarnarvika og framkvæmd hennar lögð fram til kynningar.
- 8. 1908249 - Áskorun vegna hamfarahlýnunar**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
14. fundur 2019

Föstudaginn 6. september 2019 kl. 08:15 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason aðalmaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Bjarndís Lárusdóttir aðalmaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri og Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng

Gerð var grein fyrir breyttu verklagi þar sem allir nefndarmenn Garðabæjar fá nú Garðabæjarnetföng sem verða notuð í útsendingu fundarboða.

2. 1909069 - Verkefni menningar- og safnanefndar 2019-2020

Starfsáætlun 2019-2020 lögð fram og rædd. Farið var yfir stöðu fjárhags á sviði menningarmála samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2019. Á næsta fundi nefndarinnar verður fjallað um fjárhagsáætlun næsta árs.

3. 1902220 - Fræðslu- og sögugöngur 2019

Þriðja árið í röð tekur Garðabær þátt í verkefni Ferðafélags Íslands um lýðheilsugöngur alla miðvikudaga í september. Um leið er þetta áframhald sögu- og fræðslugangna sem menningar- og safnanefnd hefur staðið að í samstarfi við umhverfisnefnd og fleiri. Fyrsta gangan var farin miðvikudaginn 4. september sl. og greint var frá næstu göngum sem verða 11., 18. og 25. september nk.

4. 1909068 - Vinnuaðstaða í Króki veturinn 2019-2020

Auglýst var í ágúst eftir umsóknum listamanna/fræðimanna um vinnuaðstöðu í Króki fyrir haustið 2019 og vorið 2020.

Menningar- og safnanefnd samþykkir að úthluta eftirtöldum listamönnum vinnuaðstöðunni í Króki.

Henný Júlía Herbertsdóttir, kt. 140555-24299, tímabilið 1.-31. október 2019 til að vinna að myndlist.

Alexandra Kjeld, kt. 010683-4919, tímabilið 1.-31. mars 2020, fyrir tónlistarverkefni.

5. 1711209 - Hofsstadir - minjagarður - hugmyndahönnun

Umræður voru um hugmyndaskjal frá Gagarín um minjagarðinn á Hofsstöðum sem var kynnt á fundi nefndarinnar í byrjun júní. Frumkostnaðaráætlun fyrir þeim hugmyndum sem þar koma fram er í vinnslu og verður kynnt á næsta fundi nefndarinnar.

6. 1909071 - Tónlistarveisla í skammdeginu 2019

Stefnt er að því að halda næstu tónlistarveislu á Garðatorgi fimmtudagskvöldið 7. nóvember nk. Sama kvöld hefur myndlistarfélagið Gróska sett upp samsýningu félagsmanna í Gróskusalnum og ýmsar verslanir hafa verið með opið lengur.

Umræður voru um tónlistaratriði og upplýsingastjóra falið að vinna áfram að málinu.

7. 1909070 - Listadagar barna og ungmenna 2020

Listadagar barna og ungmenna hafa verið haldnir annað hvert ár að vori eða í kringum síðustu vikuna í apríl. Greint var frá því hvernig hefur verið staðið að listadögum á liðnum árum í samstarfi við skóla bæjarins en undirbúningur að næstu listadögum er að fara hefjast með haustinu.

8. 1906157 - Beiðni um styrk vegna leiksýningar

Lagt var fram erindi frá leikfélaginu Verðandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, dags. 13. júní 2019, með ósk um styrk fyrir leiksýningu félagsins sem verður frumsýnd í byrjun næsta árs. Bæjarráð fjallaði um erindið á fundi sínum 18. júní sl. þar sem tekið var jákvætt í erindið og samþykkt að vísa því til afgreiðslu bæjarstjóra og menningar- og safnanefndar.

Menningar- og safnanefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir nánari upplýsingum um sýninguna, s.s. hvaða verk verður sett upp og hver heildarkostnaður er við uppsetningu sýningarinnar. Útfærsla á styrkveitingu verður skoðuð með það í huga að bjóða nemendum úr 10. bekk í Garðabæ frítt á sýninguna.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks

3. fundur 2019

Fimmtudaginn 12. september 2019 kl. 09:00 kom samráðshópur um málefni fatlaðs fólks saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Bergþóra Bergsdóttir aðalmaður, Þorkell Jóhannsson aðalmaður og Sólveig Steinsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng

Farið var yfir stöðuna varðandi Garðabæjar netföng nefndarmanna og er allt nefndarfólk komið með netföng. Boðað verður til næsta fundar á þau netföng.

2. 1906288 - Umsókn um starfsleyfi/umsýsluleyfi vegna reksturs þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Mál nr. 1906288 lagt fram til bókunar. Umsókn NPA miðstöðvarinnar um starfsleyfi/umsýsluleyfi lögð fram. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks er jákvæður gangvart því að NPA miðstöðinni verði veitt starfsleyfi.

3. 1909179 - Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk- Fulltrúi notenda í rekstrarstjórn

Lagt er fram mál nr. 1909179, tillaga Bergþóru Bergsdóttur varðandi samsetningu rekstrarstjórnar. Samráðshópur um málefni fatlaðs fólks í Garðabæ fór yfir minnisblað sem Bergþóra lagði fram og leggur til að notendur ferðaþjónustunnar eigi sinn fulltrúa í þessari rekstrarstjórn, ef af henni verður, sem skipaður verði af Öryrkjabandalagi Íslands.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
12. fundur 2019

Miðvikudaginn 4. september 2019 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir varamaður, Sófus Gústavsson varamaður, Valborg Ösp Á. Warén varamaður, Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir fulltrúi skólastjóra og Bryndís Stefánsdóttir fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Katrín Friðriksdóttir deildarstjóri skóladeildar.

Eiríkur Björn Björgvinsson kom á fundinn undir sjötta lið og sat til fundarloka.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

- 1. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng**
Lagt fram til kynningar
- 2. 1908520 - Skólabyrjun og fjöldi nemenda 2019-2020**
Farið yfir fjölda nemenda í hverjum skóla fyrir sig, sumaropnun tómsundaheimila og fleiri þætti er varða skólabyrjun.
- 3. 1905405 - Ytra mat - Sjálandsskóli**
Lagt fram til kynningar
- 4. 1908518 - Menntadagur í Garðabæ 2019**
Rætt um fyrirhugaðan Menntadag Garðabæjar sem verður þann 25. október. Þar verða m.a kynnt þau verkefni sem fengu styrk úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar árið 2018.
- 5. 1906336 - Nýtt starfsheiti leiðsagnarkennara**
Lagt fram til kynningar.
- 6. 1908160 - Göngum í skólann 2019**
Lagt fram til kynningar.
- 7. 1908202 - Skólaakstur í Garðabæ**
Erindi frá íbúa tekið til umræðu. Fræðslu og menningarsviði falið að skoða málið frekar.
- 8. 1908249 - Áskorun vegna hamfarahlýnunar**
Garðabær er með samning við Skólamat sem sér um hádegisverð í öllum grunnskólum Garðabæjar. Skólamatur býður nemendum alla daga upp á val milli hefðbundins aðalréttar og hliðarréttar sem er vegan réttur, meðlætisbar er sá sami með báðum réttum. Nýlega hefur verið innleitt í nokkra skóla í Garðabæ sjálfskömmtunarkerfi þar sem nemendur sjá sjálfir um að skammta sér matinn og með því hefur dregið verulega úr matarsóun. Stefnt er að því að bjóða upp á slíkt í öllum skólum bæjarins.
- 9. 1902349 - Grár dagur - Átaksverkefni fyrir bættum loftgæðum**

Lagt fram til kynningar

10. 1905140 - Forvarnarvika í Garðabæ 2019

Sagt frá fyrirhugaðri forvarnarviku í Garðabæ 9. - 16. október.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Umhverfisnefnd Garðabæjar
16. fundur 2019

Miðvikudaginn 11. september 2019 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir verkefnastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1810055 - Tillaga um að draga úr plastmengun í rekstri Garðabæjar og stofnana á vegum bæjarins.

Umhverfisnefnd samþykkir stefnuna og vísar henni til bæjarstjórnar til samþykktar. Unnið verður áfram að gerð veggspjalds.

2. 1906091 - Mengunarmælingar 2019

Lagt fram.

3. 1906312 - Landshlutaáætlanir í skógrækt og lykahlutverk sveitarfélaga í loftslagsmálum

Lagt fram.

4. 1906351 - Mávar

Umhverfisnefnd leggur til að næsta vor verði farið í aðgerðir til að stemma stigum við fjölgun máva.

Samráð verður haft við Náttúrufræðistofnun Íslands um aðgerðir.

5. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng

Kynning á breyttu fyrirkomulagi.

6. 1703354 - Hjóla og gönguteljari

Greint var frá fjölda gangandi og hjólandi bæði í kringum Vífilsstaðarvatn og Búrfellsgjá. Vífilsstaðarvatn:

Fjöldi á tímabilinu 1. mars - 10. september um 50 þúsund einstaklingar

Hámarksfjöldi var 701 einstaklingur þann 22. apríl.

Búrfellsgjá:

Fjöldi á tímabilinu 1. mars - 10. september = um 20 þúsund einstaklingar

Hámarksfjöldi var 466 einstaklingur þann 26. maí.

Fleira ekki gert.

Öldungaráð
3. fundur 2019

Miðvikudaginn 28. ágúst 2019 kl. 08:30 kom öldungaráð saman til fundar í Ísafold, Strikinu 3.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson aðalmaður, Anna Guðrún Hugadóttir aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Ástbjörn Egilsson aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Guðlín Jóna Ómarsdóttir aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir forstöðumaður og Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir félagsmálastjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1812061 - Fundargátt nefndarmanna - breytt innskráning - rafræn skilríki - netföng

Farið yfir mikilvægi þess að nefndarfolk virki ný Garðabæjar netföng með því að fara inn á minn Garðabæ. Næsti fundur öldungaráðs mun verða boðaður í gegnum ný netföng.

2. 1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun

Svanhildur Þengilsdóttir fór yfir stöðu aðgerðaráætlunar. Svanhildur mun boða til vinnufunda vegna endurskoðunar áætlunarinnar og munu Ástbjörn Egilsson og Ólafur S. Proppé vera fulltrúar eldri borgara í þeirri vinnu. Drög að nýrri aðgerðaráætlun verður lögð fram á næsta fundi öldungaráðs.

3. 1905140 - Forvarnarvika í Garðabæ 2019

Farið var yfir inntak forvarnarvikunnar og fagnar öldungaráð þeirri stefnu sem hefur verið mörkuð að höfða til allra íbúa Garðabæjar. Rætt um að eyrnamerkja vikuna 9-16. október forvörnum og voru hugmyndir um erindi og framsetningu settar fram. Fyrirhugaður er samráðsfundur undirbúningshóps vegna forvarnarvikuna og var ákvörðun tekin um að Ólafur S. Proppé og Stefanía Magnúsdóttir sætu þann fund fyrir hönd eldri borgara. Svanhildur Þengilsdóttir og fulltrúar félags eldri borgara munu fylgja málinu eftir.

4. 1902056 - Tillaga um að gerð verði könnun meðal eldri borgara varðandi nýtingu á þeirri heilsurækt sem er í boði í Garðabæ.

Rætt um framkvæmd viðhorfskönnunar til eldri borgara í Garðabæ og mikilvægi þess að kalla fram vilja eldri borgara til framboðs á heilsurækt í Garðabæ. Svanhildur Þengilsdóttir mun fylgja málinu eftir.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.



Stjórn SSH 474. fundur

Mánudaginn 2. september 2019, kl. 11:30, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, Karl M. Kristjánsson og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Heildarlaun í úrgangsmálum / málsnr. 1908010

Á fundinn mætti Páll Guðjónsson verkefnastjóri verkefnahóps sem vinur að aðgerðaáætlun með heildarlaun úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu að leiðarljósi. Í erindisbréfi verkefnahópsins er gert ráð fyrir því að farið sé yfir stöðu mála í upphafi septembermánaðar.

Farið yfir stöðu undirbúnings og aðgerðaáætlunar.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Stjórn mun áfram fylgjast með vinnu verkefnahópsins en áætlað er að verkefnahópurinn skili niðurstöðum sínum til eigendavettvangs eigi síðar en 1. október 2019.

2. Málafni skíðasvæðanna / málsnr. 1501005

Þennan fundarlið sat Páll Guðjónsson fyrrverandi framkvæmdastjóri SSH:

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu framkvæmda á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins og úrlausnaverkefnum þeim tengdum.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Verkefnahópi um framkvæmdir á skíðasvæðunum er falið að vinna áfram að málinu í samræmið við bókun stjórnar SSH frá 6. maí og 3. júní 2019. Í ljósi núverandi stöðu verði gengið frá endurskoðaðri tíma- og kostnaðaráætlun sem verði send aðildarsveitarfélögum SSH vegna fjárhagsáætlunargerðar sveitarfélaganna.

Málið verður aftur á dagskrá næsta stjórnarfundar.

Páll Guðjónsson vék af fundi.

3. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

Þennan fundarlið sat Birgir Björn Sigurbjörnsson. Farið yfir stöðu mála er varðar viðræður SSH og ríkisins um samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.



Niðurstaða fundar:

Unnið er að samningum við ríkið og mun stjórn áfram fylgjast með gangi málsins.

Ásgerður Halldórssdóttir vék af fundinum að loknum þessum dagskrárlið.

4. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk / málsnr. 1711002

Við fundarstjórn tók varaformaður stjórnar SSH, Gunnar Einarsson. Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu málsins og lagt er fram minnisblað vinnuhóps stjórnar SSH um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Þá hefur verið fundað með Hafnarfjarðabæ og Kópavogsbæ sbr. ákvörðun stjórnarfundar SSH frá 3. júní 2019.

Umræður. Rætt um útboð einstakra sveitarfélaga og málið í heild.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að kannaður verði grundvöllur sveitarfélaga utan Hafnarfjarðar og Kópavogs til áframhaldandi samstarfs er varðar akstursþjónustu fyrir fatlað fólk. Er því verkefni vísað til vinnuhóps stjórnar SSH um akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

5. Fjárhagsleg málefni SSH / málsnr. 1908009

Framkvæmdastjóri lagði fyrir stjórn minnisblað vegna uppgjör reksturs SSH fyrstu 7 mánuði ársins 2019. Í því kemur m.a. fram að afgangur er á rekstrinum sem nemur 4,3 millj. kr á fyrrgreindu tímabili. Áætlað er að halli á rekstrinum á árinu 2019 verði um 3,7 millj. kr og þá ekki tekið tillit til kostnaðar vegna breytinga á leiguhúsnæði, allt að 3 millj. kr. Til að fjármagna áætlaðan rekstrarhalla ársins 2019 verður gengið á handbært eigið fé SSH.

Umræður.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram og kynnt. Stjórn gerir ekki athugasemdir við uppgjórið eða þá áætlun sem liggur fyrir.

6. Fundargerð stjórnar SORPU bs. – fundur 411

Fundargerð stjórnar SORPU bs. nr. 411 frá 16. ágúst 2019 lögð fram til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

7. Fundargerð SASS -fundur nr. 548

Fundargerð stjórnar SASS nr. 548 frá 16. ágúst 2019 lögð fram til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Fundargerðin er lögð fram til kynningar.

Ekki fleira gert. Fundi lauk kl. 13:10.

Páll Björgvin Guðmundsson
Fundarritari.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

412. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) haldinn á skrifstofu Kópavogsbæjar, Digranesvegur 1, 200 Kópavogur þann 02.09.2019, kl.10:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir (í símasambandi), Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir. Bjarni Torfi Álfþórsson boðaði forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Endurskoðuð fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun fyrir árið 2019-2023. Jafnframt lögð fram greinargerð/minnisblað um breytingar á fjárfestingaráætlun og breytta fjármögnun. Jafnframt lagt fram minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaganna um sama málefni.

„Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 990 mkr., til 15 ára. Er lánið tekið til að fjármagna viðbótarkostnað við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Birni H. Halldórssyni, kt. 241262-5299, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs., að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs, þ.e.a.s. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykktum sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.“

Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að óska eftir framlengingu á tveimur lánnum hjá Íslandsbanka:

TBJJ
KGF

Langtímalán 1.000 milljónir, framlenging úr 6 árum í 15 ár.
Framkvæmdalán, 500 milljónir verði framlengt um tvö ár.

Ljóst er að fara þarf yfir verkferla félagsins og í því ljósi er formanni og varaformanni stjórnar falið að fá óháðan aðila til að framkvæma úttekt á starfsemi félagsins og leggja tillögur þar að lútandi fyrir næsta fund stjórnar.
Samþykkt samhljóða.

2. Forsendur rekstraráætlunar 2020 - 2024

Framkvæmdastjóri kynnir drög að forsendum rekstraráætlunar 2020 – 2024. Jafnframt eru lögð fram fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir rekstur endurvinnslustöðvanna og grenndargámakerfisins. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

3. Bréf Landslaga til LOGOS vegna kröfu ÍAV

Lagt fram bréf Landslaga, dagsett 28. ágúst 2019 vegna kröfu ÍAV vegna útboðs á byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar. Málið rætt. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram með LOGOS og embætti borgarlögmans.

4. Bréf Vestmannaeyjabæjar með ósk um áframhaldandi móttöku úrgangs

Lagt fram bréf Vestmannaeyjabæjar dagsett 1. september þar sem óskað er eftir því að SORPA haldi áfram móttöku úrgangs frá Vestmannaeyjabæ. Um er að ræða ólífrænan heimilisúrgang og lítað timbur. Bærinn stefnir að uppsetningu brennslustöðvar fyrir árið 2021. Málið rætt. Stjórn veitir framkvæmdastjóra heimild til að semja við Vestmannaeyjabæ um móttöku á úrgangi til 31.12.2020.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn þann 27. september 2019.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 11:10

Fundarritari: Guðrún Eva Jóhannesdóttir

T. Birgir Jón Jónsson
Kolbrún G. Þorsteinsson
Hjörtur Jónsson
Jóna Auðardóttir
Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Fundargerð
18. eigendafundar SORPU bs.
Skrifstofa SSH, mánudaginn 26. ágúst 2019, kl. 12:00

Mætt:

f.h. eigenda SORPU bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfirði.
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ.
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnesi.
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavík.
Árman Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogi.

frá stjórn SORPU bs.:

Birkir Jón Jónsson, Kópavogsbæ.
Jóna Sæmundsdóttir, Garðabæ.
Líf Magneudóttir, Reykjavík.
Ágúst Bjarni Garðarsson, Hafnarfirði.
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Mosfellsbæ.

Ennfremur sátu fundinn Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri SORPU bs. og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri SSH, sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs SORPU bs. Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár

1. mál: Endurskoðuð fjárfestingaráætlun SORPU bs.

Eftirtalin gögn lágu fyrir fundi vegna þessa máls:

- 1) 2.0 *Fjárfestingar_2019_2023 breyting – merkt drög*
- 2) 2.5 *Minnisblað fjármálastjóra SSH vegna fjárfestinga Sorpu bs_2019-08-15*
- 3) 2.1 *Greinargerð vegna breytinga á fjárfestingaráætlun SORPU bs merkt drög*

Á fundi stjórnar SORPU bs. 16. ágúst 2019 var lögð fram ný fjárfestingaráætlun SORPU bs., ásamt greinargerð vegna breytinga á áætluðum kostnaði við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar sem og tækjakaup í móttökustöðina í Gufunesi. Jafnframt var lagt fram minnisblað fjármálastjóra sveitarfélaganna um þá tillögu sem liggur fyrir um fjármögnun og breytingu á lánnum. Bókun stjórnar var sem hér segir:

1) “ Endurskoðuð fjárfestingaráætlun

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að endurskoðaðri fjárfestingar- og fjármögnunaráætlun fyrir árið 2019–2023. **Málinu vísað til eigendavettvangs.**“

Formaður stjórnar SORPU bs. kynnti aðdraganda málsins. Framkvæmdastjóri SORPU bs. fer yfir málið. Vísað er til draga að greinagerð framkvæmdastjóra og til minnisblaðs fjármálastjóra sveitarfélaganna til eigendafulltrúa SORPU bs. vegna fjárfestinga SORPU bs. í gas- og jarðgerðarstöð, en þar kemur m.a eftirfarandi fram:

SORPA bs. vinnur nú að byggingu nýrrar gas- og jarðferðarstöðvar fyrir starfsemi félagsins sem verið hefur í undirbúningi um árabíl. Á síðstu vikum hefur komið í ljós að kostnaður vegna fjárfestingarinnar verður umtalsvert hærrí en kemur fram í samþykktri áætlun og gert ráð fyrir að útgjöld verði um 4.247m.kr. sem er 637 m.kr. umfram áætlun. Þar af eru um 452 m.kr. í viðbótarverk og 186 m.kr. í verðbætur. Þess til viðbótar þarf að taka tillit til tækjabúnaðar í móttökustöðina í Gufunesi, sem er forsenda þess að unnt verði að taka gas- og jarðgerðastöðina í notkun. Gert er ráð fyrir að fjárfesting í þeim búnaði nemi um 719 m.kr. Samtals nema frávik frá samþykktri áætlun vegna gas- og jarðgerðarstöðvar 1.356 m.kr. Þegar meðtalin er fjárþörf fyrir tækjabúnað í móttökustöð.

Lögð er fram í minnisblaðinu endurskoðuð fjárfestinga- og fjármögnunaráætlun með tillögum um aðgerðir. Tillagan gerir ráð fyrir að fjárfestingar aukist samtals um 1.148 m.kr. á árinu 2019 sem yrði annars vegar fjármagnað með auknum lántökum um 990 m.kr. en auk þess er gert ráð fyrir að handbært fé frá rekstri verði 149 m.kr. hærra en áætlað var vegna breytinga á skammtímalíðum. Fjármögnun verður með þeim hætti að framlengja í lánum Íslandsbanka úr 6 árum í 15 ár en með því lækkar greiðslubyrði félagsins ár hvert um ca. 100 m.kr. og hins vegar að leitað verði til Lánasjóðs Sveitarfélaga vegna töku á nýju láni til 15 ára, að upphæð 990 m.kr. Þá einnig framlengingu á núverandi lánalínu til tveggja ára að fjárhæð 500 m.kr.

Séu áhrifin á fjárhagsáætlun tímabilsins 2019–2023 skoðuð eru þau með þeim hætti að fjárfestingahreyfingar hækka um 1.235 m.kr. og fjármögnunahreyfingar um 1.272 m.kr.

Umræður

Niðurstaða:

Eigendavettvangur óskar eftir frekari upplýsingum og viðbrögðum frá stjórn SORPU bs. vegna málsins og verður málið tekið aftur fyrir á eigendafundi sem fyrirhugaður er 2. september n.k

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:30.

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**19. EIGENDAFUNDUR SORPU BS.
SKRIFSTOFA SSH, HAMRABORG 9
MÁNUDAGINN 2. SEPTEMBER KL. 9:00**

DAGSKRÁ

1. Forsendur fjárhagsáætlunar

Úr eigendastefnu SORPU bs. – kafli 5.2.5. Fjárhagsáætlun.

„Fyrir 15. ágúst ár hvert skal stjórn SORPU bs. leggja tillögu að meginforsendum fyrir fjárhagsáætlun fyrirtækisins fyrir eigendafund. Eigendafundur skal fyrir 1. september ljúka umfjöllun um tillöguna og samþykkja þær meginforsendur sem gilda eiga um fjárhagsáætlun fyrirtækisins næsta rekstrarár. Sama gildir um langtímaáætlanir fyrirtækisins. Stjórnin mótar síðan fjárhags- og starfsáætlun fyrirtækisins í samræmi við þær forsendur til umfjöllunar og afgreiðslu á eigendafundi.“

2. Endurskoðuð fjárfestaáætlun SORPU bs.

Framhald frá fundi eigendafundar 26. ágúst s.l.

Fyrir fundinum ligga fyrir eftirfarandi gögn:

- 1.0 - Greinagerð vegna breytinga á fjárfestingaáætlun.
- 1.1 - Sjóðstreymi 2017 – 2023
- 1.2 - Minnisblað fjármálastjóra SSH

Vísað er til greinagerðar/minnisblaðs framkvæmdastjóra Sorpu vegna breytinga á fjárfestingaáætlun SORPU bs. 2019-2023. Þá er vísað til fyrirliggjandi sjóðsstreymisyfirlits en þar er búið að setja inn breytingar á fjárfestingum sem nauðsynlegt er að gera vegna breytinga á áætluðum kostnaði gas- og jarðgerðarstöðvar, stækkun móttökustöðvar sem og vegna tækja.

Séu áhrifin á fjárhagsáætlun tímabilsins 2019 – 2023 skoðuð eru þau með þeim hætti að fjárfestingahreyfingar hækka um 1.235 m. kr. og fjármögnunarahreyfingar um 1.272 m.kr.

Þá er lögð fram sú tillaga að óskað verðir eftir því við Íslandsbanka að lánstími áhvílandi láns (1.000 Mkr) verði aukinn úr 6 árum í 15 ár og að yfirdráttarlán hjá Íslandsbanka verði lengt um tvö ár (500Mkr.). Jafnframt að óskað verðir eftir nýju 990 Mkr láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga til 15. ára. Að venju þarf slík lántaka samþykkt eigenda. Með því móti eru eftir vikmörk á áætlun tryggð. Verði raunkostnaður lægri þegar framkvæmdum er lokið má greiða niður þau lán sem heimilt er að greiða niður.

Eigendavettvangur samþykkir að tillögu að breyttri fjárfestingaráætlun Sorpu bs 2019-2023 og tillögu að fjármögnun verði vísað til stjórnar Sorpu bs. og í framhaldi af því til formlegrar umfjöllunar sveitarfélaganna.

Fylgigögn:

Hluti 1:

Forsendur

Drög að rekstraráætlun fyrir endurvinnslustöðvar



FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

308. fundur

Föstudaginn 16. ágúst 2019 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

Mætt voru

Björg Fengler (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Ásgeir Sveinsson (ÁS) og Karen Halldórsdóttir (KH).

Fjarvarandi: Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri og Ástríður Þórðardóttir (ÁP) sviðsstjóri fjármála og reksturs sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

- 1) Árshlutauppgjör 30.06.2019
- 2) Forsendur fjárhagsáætlunar 2020
- 3) Greiðslukerfi – útboð
- 4) Leiðaneti í Hafnarfirði
- 5) Leiðarljós leiðanetsbreytinga
- 6) Orkuskipti - skýrsla
- 7) Akstursþjónusta fatlaðs fólks
- 8) Fundir með ráðherrum
- 9) Önnur mál

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör 30.06.2019

Sviðsstjóri fjármála og reksturs lagði fram og kynnti sex mánaða uppgjör félagsins 30. júní 2019. Árshlutauppgjörið er hvorki kannað né endurskoðað af endurskoðendum félagsins.

Rekstrarafkoma er í takt við áætlun fyrir tímabilið.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfestu árshlutauppgjör 30.06 2019 með undirskrift sinni.

2. Forsendur fjárhagsáætlunar 2020

Umfjöllun um drög að meginforsendum fjárhagsáætlunar 2020-2024.

3. Greiðslukerfi - útboð

Framkvæmdastjóri Strætó fór yfir niðurstöður úr forvali í útboði á rafrænu greiðslukerfi fyrir Strætó.

Frestur til að skila inn forvalsúmsóknum vegna útboðs á rafrænum greiðslukerfi fyrir Strætó, rann út 19. júlí sl. Alls skiluðu átta aðilar inn úmsóknum um þátttöku í útboðinu.

Eftir yfirferð á úmsóknum frá mögulegum þátttakendum í útboðinu, eru sex aðilar af þeim sem skiluðu inn úmsóknum, metnir hæfir til að taka þátt í útboðinu.

Stjórn samþykkir að heimila framkvæmdastjóra að halda áfram með útboðsferlið.

Endanleg útboðsgögn verða send þeim aðilum sem metnir voru hæfir til að taka þátt í útboðinu á næstu vikum.



4. Leiðanet í Hafnarfirði

Fyrir fundinum liggur minnisblað dagsett 14. ágúst 2019, þar sem farið er yfir mismunandi útfærslur á leiðanetsbreytingum í Hafnarfirði.

Stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu málsins til næsta stjórnarfundar.

5. Leiðarljós leiðanetsbreytinga

Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur skipulagssviðs Strætó, fór yfir tillögur að nýjum leiðarljósum sem ætlunin er að styðjast við þegar ákvarða á breytingar á leiðaneti Strætó í framtíðinni.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um leiðarljós leiðanetsbreytinga hjá Strætó.

6. Orkuskipti

Á fundi stjórnar 21. júní sl. var samþykkt að fengin yrði utanaðkomandi ráðgjafi til að gera greiningu á mismunandi orkugjöfum vagna þar sem meðal annars kæmi fram reynsla, hagkvæmni og heildar líftímakostnaður.

Sigurður Páll Steindórsson sérfræðingur frá Mannviti kynnti skýrslu sem sérfræðingar hjá Mannviti unnu fyrir Strætó þar sem tekið var á framangreindum þáttum. Um er að ræða endurskoðun og uppfærsla á skýrslu sem Mannvit vann fyrir Strætó 2017.

7. Akstursþjónusta fatlaðs fólks

Áframhaldandi umræður um breytingar á skipulagi akstursþjónustu fatlaðs fólks.

8. Fundir með ráðherrum

Björg Fenger stjórnarformaður og Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó fóru yfir umræður af fundum sem þau áttu með fjármálaráðherra og umhverfisráðherra um orkuskipti, þar sem meðal annars var rætt um mögulegar ívilnanir í formi endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fjárfestinga í umhverfisvænum vögnum.

9. Önnur mál

- Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands í borgarráði, dagsett 19. júlí 2019, er varðar nýtt leiðanet. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokki fólksins í borgarráði, dagsett 19. júlí 2019, er varðar möguleika Strætó á nýtingu metan sem orkugjafa. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokki fólksins í borgarráði, dagsett 19. júlí 2019, er varðar nýja fargjaldastefnu Strætó. Stjórn felur framkvæmdastjóra að svara í samræmi við umræður á fundinum.
- Farið var yfir sérakstur Strætó í tengslum við stórviðburði.

Fundi slitið kl. 13:20

Fylgiskjöl:

- Árshlutareikningur Strætó bs. 30.06.2019
- Kynning árshlutauppgjör 30.06.2019



- 19.8.14 Minnisblað leiðanetsbreytingar Hafnarfirði – Lenging á leið 21
- R1907049- Fyrirspurn Borgarráð – nýtt leiðanet 18.07.2019
- R1907163- Fyrirspurn Borgarráð – fargjaldastefna 18.07.2019
- R1907162- Fyrirspurn Borgarráð- metan 18.07.2019
- Árshjól og leiðarljós – leiðanetsbreytinga.
- Orkugjafar fyrir Strætó, kynning 20190816

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Karen Halldórsdóttir

Ásgeir Sveinsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fundargerð
19. eigendafundar Strætó bs.
Skrifstofa SSH, Hamraborg 9
mánudaginn 2. september 2019, kl. 10:30

Mætt:

f.h. eigenda Strætó bs.:

Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, Hafnarfjarðarbæ
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Reykjavíkurborg
Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ
Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri, Mosfellsbæ
Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri, Seltjarnarnessbæ

frá stjórn Strætó bs.:

Björg Fenger, formaður stjórnar Strætó bs., Garðabæ
Ásgeir Sveinsson, Mosfellsbæ
Karen Elísabet Halldórsdóttir, Kópavogi
Helga Ingólfssdóttir, Hafnarfirði

Enn fremur sátu fundinn Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. og Páll Björgvin Guðmundsson frá SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður eigendavettvangs Strætó bs., Rósa Guðbjartsdóttir stýrði fundi.

Gengið var til dagskrár.

1. Forsendur fjárhagsáætlunar

- a) Fyrir lá tillaga að forsendublaði vegna meginþátta í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020 sem Halldóra Káradóttir, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, hafði sent til umræðu á fundinum.

1. Ytri forsendur:

Ytri forsendur fyrir fjárhagsáætlunum byggðasamlaga SSH fyrir tímabilið 2020-2024 byggja á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 10. maí sl.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Tafla 1: Forsendur fjárhagsáætlunar. Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%).

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar							
Breytingar milli ársmeðaltala %	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Einkaneysla	4,8	2,4	2,8	3,0	2,8	2,6	2,5
Samneysla	3,3	1,9	1,3	1,5	1,9	2,4	2,4
Fjármunamyndun	2,1	-5,7	6,2	3,2	2,5	3,5	3,4
Útflutningur vöru og þjónustu	1,6	-2,5	2,5	2,8	2,6	2,5	2,5
Innflutningur vöru og þjónustu	0,1	-1,2	3,6	2,7	2,5	2,9	2,8
Verg landsframleiðsla	4,6	-0,2	2,6	2,7	2,6	2,6	2,5
Vísitala neysluverðs	2,7	3,4	3,2	2,6	2,6	2,6	2,5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	3,9	7,8	0,2	0,0	0,0	0,0	0,0
Launavísitala*	6,5	5,6	5,5	5,9	5,3	4,2	4,1

*Breytingar á launavísitölu (nafnlaun) eru ekki birtar í spátöflu þjóðhagsspár Hagstofunnar og eru því reiknaðar út frá spá fyrir breytingu á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Einnig eru lagðar fram forsendur um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2019 og 2020, þ.e. á milli ársloka 2018 og 2019 annars vegar og ársloka 2019 og 2020 hins vegar.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar		
Breyting milli ársloka (%)	2019	2020
Vísitala neysluverðs innan ársins	3,10%	2,73%

2. Forsendur um gjaldskrárbreytingar:

Almennt er miðað við að gjaldskrár sveitarfélaga og stofnana þeirra taki mið af kostnaðinum við að veita þjónustuna og að gjaldskrár hækki að öðru óbreyttu með sama eða svipuðum hætti og verðlag.

3. Forsendur um framlög eigenda

Við áætlunargerðina skal miðað við óbreytt fyrirkomulag varðandi framlög eigenda.

4. Forsendur um afkomu

Eigendur leggja áherslu á að fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna taki mið af þeim meginreglum sveitarstjórnarlaga sem gilda um þetta efni, sjá efnisákvæði 62., 63. og 64. greinar. Í þessu felst m.a. krafa um að reglulegar tekjur skulu í fjárhagsáætlun næsta árs nema hærri fjárhæð en útgjöld og sama krafa gildir um áætlun til næstu fjögurra ára.

5. Forsendur um fjárfestingar og lántökur

Gert er ráð fyrir að áform um fjárfestingar og fjármögnun þeirra verði borin undir eigendur til samþykktar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

6. Forsendur um hagræðingaraðgerðir

Niðurstöður rekstrarúttektar á vegum félagsins og stjórnar SSH f.h. eigenda liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að tillit verði tekið til hagræðingartillagna sem fram koma í þeim niðurstöðum og varða fjárhagsáætlun 2020 og fimm ára áætlun félagsins í samræmi við niðurstöður eigendafundar 3. apríl 2017.

Umræður

Niðurstaða:

Samþykkt að horft verði til ofangreindra viðmiða við mótun fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2020.

b) Forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2020.

Á fundinum lágu fyrir eftirfarandi gögn:

Drög – forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2020.

Formaður stjórnar Strætó bs., Björg Fenger, fór yfir meginþætti í fyrirliggjandi forsendum.

Þá voru ræddar vangaveltur er snúa að endurskoðun eigendastefnu og innri kostnaðarskiptingar hjá Strætó bs.

Umræður.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir að unnið verði áfram að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020, og hún verði tekin til umræðu á næsta eigendafundi.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 11:30

Páll Björgvin Guðmundsson, fundarritari.

Lánakjör þess láns sem SORPA bs. hefur sótt um hjá Lánasjóði sveitarfélaga:

BREYTILEGIR VERÐTRYGGÐIR VEXTIR	
Afborgunartegund	Jafnar afborganir
Lánstími	Allt að 15 ár
Fljótandi vextir	2,05% (vaxtakjör taka mið af útbodskröfu sjóðsins og breytast ársfjórðungslega)
Lántökugjald	Nei
Uppgreiðsluákvæði	Lántaka er heimilt að greiða lánið upp að hluta eða öllu leyti á vaxtagjalddögum áður en að lokagjalddaga er komið án kostnaðar fyrir lántaka.
Annar kostnaður	Nei
Afborganir	Tvisvar á ári



Ákvörðun um veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánsamningi vegna láns SORPU bs frá Láнасjóði sveitarfélaga:

[Sveitarstjórnin] samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns SORPU bs hjá Láнасjóði sveitarfélaga að fjárhæð allt að kr. 990.000.000,- með 15 ára. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna viðbótarkostnað við byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi, ásamt nauðsynlegum tækjabúnaði sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Láнасjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Sveitarstjórnin skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda SORPU bs. til að breyta ekki ákvæði samþykka félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að [sveitarfélag] selji eignarhlut í SORPU bs til annarra opinberra aðila, skuldbindur [sveitarfélag] sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er [nafn umboðshafa og kennitala], veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. sveitarfélagsins að undirrita lánsamning við Láнасjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Rithandarsýnishorn umboðshafa:

[Nafn umboðshafa]

Tillaga Garðabæjarlistans um að boðið verði upp á morgunhressingu/hafragraut og ávexti/grænmeti í nestistíma í grunnskólum bæjarins.

Flutningsmaður Ingvar Arnarson

Bæjarstjórn samþykkir að boðið verði upp á morgunhressingu/hafragraut áður en skólastarf hefst á morgnana og að ávextir og grænmeti verði í boði í nestistíma fyrir grunnskólabörn í Garðabæ.

Greinagerð

Flestir þekkja mikilvægi þess að borða morgunmat. Með því að tryggja aðgengi allra barna að morgunhressingu/hafragraut áður en skólastarf hefst á morgnana, stuðlar Garðabær sem sveitarfélag að hollri og næringaríkri næringu í byrjun dags hjá börnum og ungmönnum sem er í takti við innleiðingu samnings um heilsueflandi samfélag. Samningur sem var undirritaður fyrir margt löngu. Eins er mikilvægt að börn fái holla næringu yfir daginn og því gott að bjóða upp á ávexti og grænmeti í nestistíma.

Til bæjarstjórnar.

Efni: Tillaga um að tekjutengja afslætti af leikskólagjöldum

Bæjarstjórn samþykkir að endurskoða afslætti á dvalargjöldum leikskóla og horft verði til tekjutengingar í öllum tilvikum. Áfram er gert ráð fyrir systkinaafslætti.

Greinargerð.

Mikilvægt er að koma á móts við tekjulága foreldra í öllum tilfellum og tryggja hagsmuni barnsins sem best.

Sigríður Hulda Jónsdóttir
Bæjarfulltrúi og formaður skólanefndar